

GJALDSKRÁ

Fjármálaeftirlitsins fyrir nauðsynlegt umframeftirlit og aðrar sértækar aðgerðir.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu kostnaðar vegna eftirlits með einstökum eftirlitsskyldum aðilum, sem telst umfram reglubundið eftirlit, samkvæmt ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi um ákvörðun slíkra gjalda.

Gjaldskráin gildir einnig um fastagjöld umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999 og greiðslu kostnaðar fyrir afgreiðslu og skráningu nánar tilgreindra sértækra staðfestinga og mats sem leiðir af starfsemi Fjármálaeftirlitsins, en telst ekki þáttur í reglubundnu eftirliti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið upplýsir aðila um gjaldtöku með vísan til 2. og 3. mgr. 7. gr.

2. gr.

Tímagjald starfsmanna Fjármálaeftirlitsins.

Fyrir vinnu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins við umframeftirlit og aðrar sértækar aðgerðir sbr. 7. gr., skal greiða tímagjald sem nemur 12.500 krónum.

3. gr.

Útlagður kostnaður vegna umframeftirlits.

Greiða skal útlagðan kostnað samkvæmt reikningi vegna umframeftirlits, s.s. aðkeypta sérfræði-aðstoð og ferðakostnað.

4. gr.

Fastagjald starfsleyfa.

Fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila eru í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999.

Gjald fyrir umsókn um afgreiðslu starfsleyfis skal greitt við afhendingu umsóknar til Fjármálaeftirlitsins og er óendurkræft þó umsókn sé hafnað eða hún afturkölluð.

5. gr.

Fastagjald fyrir sértækar aðgerðir.

Fyrir eftirfarandi þætti skal greitt fastagjald sem nemur 12.500 krónum:

1. Staðfesting sem óskað er eftir af eftirlitsskyldum aðila þar á meðal staðfesting á gildi starfsleyfis.
2. Tilkynning yfir landamæri vegna þjónustu/útibús íslensks aðila erlendis (fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, váttryggingamiðlarar).
3. Beiðni um tilkynningu til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu á staðfestri lýsingu og viðauka við lýsingu, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 millj. kr. eða meira og skráningu á skipulegan verðbréfamarkað.

Gjald fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari grein skal greitt þegar beiðni er lögð fram og er óendurkræft.

6. gr.

Tímagjald fyrir sértækar aðgerðir.

Fyrir afgreiðslu og skráningu sértækra staðfestinga og mats sem leiðir af starfsemi stofnunarinnar en telst ekki þáttur í reglubundnu eftirliti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, skal greiða tímagjald, sbr. 2. gr. gjaldskrárinnar, í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið þarf að verja í afgreiðsluna:

1. Aukið starfsleyfi (viðbótarstarfsleyfi) skv. II. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og IV. kafla laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

2. Heimild til samruna fjármálafyrirtækja, sbr. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og XI. kafla laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.
3. Tilkygning um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki og váttryggingafélagi, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og VI. kafla laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.
4. Tilkygning um markaðssetningu erlends verðbréfasjóðs eða deildar verðbréfasjóðs hér á landi, sbr. lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.
5. Staðfesting verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, sbr. lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.
6. Umsókn fjármálafyrirtækis um að mega varðveita fjármálagerninga á safnreikningi, sbr. II. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.
7. Umsókn um að heimila einkaumboðsmanni að starfa í þágu fjármálafyrirtækis, sbr. II. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.
8. Umsókn um undanþágu frá tilboðsskyldu, sbr. X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfa- viðskipti.
9. Sérstök verkefni sem eftirlitsskyldir aðilar óska eftir í sína þágu og samræmast hlutverki Fjármálaeftirlitsins að lögum. Að auki greiðist útlagður kostnaður í samræmi við 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar ef við á.

Gjald fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari grein skal greitt samkvæmt reikningi sem gefinn er út við lok afgreiðslu.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, og samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 135/2009, um sama efni.

Fjármálaeftirlitinu, 10. nóvember 2010.

Gunnar Þ. Andersen.

Ragnar Hafliðason.